

Aðalfundur SÍMONar

Fundargerð

Fundurinn var haldinn á Scheidegger, föstudaginn 15. október 2004.
Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1) Kosning fundarstjóra

Júlía Sigursteinsdóttir var kosin fundarstjóri

2) Annáll ársins 2004

Rúnar Örn Hafsteinsson, formaður, flutti annállinn við mikinn fögnuð viðstaddra. Á meðan flutningnum stóð var gafst félagsmönnum kostur á að skoða ljósmyndir af félagsstarfi starfsársins.

3) Ársreikningur félagsins

Katrín Guðmundsdóttir, gjaldkeri, kynnti félagsmönnum ársreikning félagsins. Alls hagnaðist félagið um €468 á árinu. Fram kom hjá Katrínu að mikill hagnaður hefði hlotist af fiskisölu fyrr á starfsárinu og að tap hefði verið á þorablótinu.

4) Kosning í embætti

Fráfarandi stjórn og þorablótsnefnd voru þökkuð vel unnin störf.

a) Þorablótsnefnd

Eftirfarandi hlutu kosningu í þorablótsnefnd:

1. Haukur Páll Halldórsson
2. Anna Vilborg Ívarsdóttir
3. Frédéric Philippe Dominique Leca
4. Susan Stefanski (til aðstoðar)
5. Reinhardt Wiewe (til aðstoðar)
6. Sigurður Valur Sigurðsson (til aðstoðar)

b) Stjórn

- Sigfús Ragnar Oddsson (ritari)
- Katrín Guðmundsdóttir (gjaldkeri)
- Rúnar Örn Hafsteinsson (formaður)

5) Önnur mál

a) Stammtisch

Stjórnin óskaði eftir álit félagsmanna á hvar og hvenær halda ætti Stammtisch félagsins. Einhver umræða skapaðist um málið og mismunandi sjónarmið komu fram. Að lokum

náðist samþykkt um það að halda Stammtisch fyrsta föstudag hvers mánaðar á Hexenkessel, Schwindstrasse 20.

b) Hátíðarhöld 1. desember

Félagsmenn voru sammála um að fela stjórn ákvörðun á stað- og tímasetningu. Fram kom krafa um að hægt yrði að gæða sér á íslensku sælgæti. Einnig komu fram hugmyndir um breytta dagskrá og óskaði stjórn eftir að fá nánari útlistun á þeim hugmyndum.

c) Ný vefsíða

Sigfús Ragnar Oddsson, ritari, útskýrði nýja vefsíðu félagsins (<http://www.simon-verein.de/>) og benti félagsmönnum á að nýta sér vefspjallkerfi sem tengt hafði verið við síðuna.

d) Fisksala

Rúnar Örn kynnti fisksöluna og dreifði eyðublöðum og verðlistum. Fram kom að móttaka á pöntunum yrði opin næstu 2 – 3 vikurnar.

e) Póstlisti/Símaskrá

Sigfús Ragnar óskaði eftir því að félagsmenn kæmu breytingum á heimilisföngum og öðrum upplýsingum eftir bestu getu sem fyrst til ritara. Eyðublöðum var dreift á fundinum þar sem félagsmenn gátu komið breytingum og nýskráningum til skila. Fram komu óskir um að á listann yrði bætt fleiri Íslendingum, þrátt fyrir að þeir væru ekki endilega í félaginu. Fundarmenn voru þó almennt sammála um það að aðeins þeir sem óskuðu eftir að vera á listanum ættu að vera á honum og að ekki ætti að leggja vinnu í að hafa uppi á öðrum Íslendingum.

f) Önnur mál frá félagsmönnum

i) Endurvakning kórsins

Haukur Páll spurðist eftir áhuga á að endurvekja kór félagsins fyrir þorrablót. Reyndist nokkur áhugi á því og er áhugasömum bent á að setja sig í samband við Hauk.

ii) Samskipti SÍMONar og konsúlsins í München

Fram kom ósk frá félagsmönnum um að samskipti konsúlsins og SÍMONar yrðu aukin. Margir tóku til máls í þessum lið og skapaðist nokkur umræða þar sem menn greindi á hversu stóru hlutverki konsúllinn ætti að gegna. Bent var á að Thor Ólafsson væri tilvalinn til að standa í samskiptum við konsúlinn. Stjórnin óskaði eftir því að félagsmenn létu vita hvaða málefni ætti að ræða við konsúlinn.

iii) Börn í München

Katrín spurðist eftir áhuga félagsmanna á að halda sérstaka atburði fyrir börn Íslendinga í München, t.d. námskeið í Íslensku, bókalestur eða annað. Hugmynd um barnakór kom fram og Haukur benti á að tilvalið væri að halda sleðapartý í nágrenni við heimili hans. Spurt var hvort hægt væri að sækja um styrk frá Menntamálaráðuneytinu fyrir slíku starfi. Katrín sagðist skyldu athuga málið þar.

iv) Skíðaferð

Spurt var hvort fyrirhuguð væri skíðaferð á vegum félagsins. Rúnar benti á að hugmynd um slíka ferð væri í gangi. Spurt var hvort stofna ætti skíðaferðarnefnd til að sjá um slíka ferð. Halldór Jörgensson lýsti sig tilbúinn til að sitja í þeirri nefnd, yrði hún stofnuð, í samvinnu við Hauk Pál.

6) Fundi slitið

Fundarstjóri sleit fundinum kl. 23:00